

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 — 1988

23. júní 1988

667

Nr. 298

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum fyrir Austfjörðum.

1. gr.

Frá og með 24. júní 1988 eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64° 02' 54 N – 13° 13' 12 V
2. 64° 01' 05 N – 13° 38' 47 V
3. 64° 27' 13 N – 13° 14' 20 V
4. 64° 33' 59 N – 12° 31' 37 V
5. 64° 09' 75 N – 12° 53' 84 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 24. júní 1988 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 267, 27. maí 1988, um bann við togveiðum út af Austfjörðum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. júní 1988.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eypórsson.

8. júní 1988

Nr. 299

AUGLÝSING

um umferð á Siglufirði.

Að fengum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Siglufirði:

1. Á öllum stöðum verður eingöngu leyft að stöðva eða leggja ökutæki í samræmi við 2. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
2. Bannað er að leggja ökutækjum á Aðalgötu, milli Túngötu og Lækjargötu.
3. Túngata nýtur aðalbrautarréttar fyrir umferð af Þormóðsgötu (stöðvunarskylda).

B 47